

Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 13. mars 2018

**Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur, 167. mál.**

Í frumvarpinu er gerð tillaga um breytingu á því ákvæði laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða sem snýr að framlagi ríkisins til starfsendurhæfingar. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður fékk þó ekki frumvarpið til umsagnar.

Í meðfylgjandi þjónustusamningi milli VIRK og Velferðarráðuneytisins, sem undirritaður var 27. september síðastliðinn, segir í greinum 4.1 og 4.2 að framlag ríkisins til VIRK felist „í framlagi úr ríkissjóði, sem skal vera hluti af gjaldstofni almenns tryggingagjalds skv. 7. gr. laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, sbr. einnig 1. mgr. 9. gr. sömu laga og 3. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald.“

Í meðfylgjandi kröfulýsingu fyrir starfsendurhæfingarsjóði, 1. kafla á bls. 7, er vísað til samkomulags stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins (bakhjarla VIRK) um **fram tíðarskipan fjármögnunar starfsendurhæfingar í landinu**. Það samkomulag hafi verið fest í sessi með með setningu laga nr. 60/2010 um starfsendurhæfingarsjóði og samhliða því breytingum á lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald, þar sem fjallað er um hlutdeild starfsendurhæfingarsjóða í tryggingagjaldi. Samkvæmt 47. og 48. grein frumvarps þessa er umrætt samkomulag um fram tíðarskipan fjármögnunar starfsendurhæfingar í landinu þurrkað út.

Fyrirkomulag fjármögnunar VIRK er hluti af þætti stjórnvalda við gerð kjarasamninga. Óski stjórnvöld eftir breytingum á fyrirkomulaginu væri eðlilegt að þau óskuðu eftir viðræðum þar um við bakhjarla VIRK. Í gildi er samkomulag milli VIRK og Velferðarráðuneytisins um að árlegt framlag ríkisins til starfsemi VIRK skuli nema 0,06% af gjaldstofni tryggingagjalds, sbr. fylgiskjal 2 á bls. 24 í meðfylgjandi kröfulýsingu. Þau áform, sem í frumvarpi þessu felast, að fella samninga um fram tíðarfjármögnun starfsendurhæfingar einhliða úr gildi með þessu lagafrumvarpi eru óásættanleg.

VIRK er andvíg efni 47. og 48. greina frumvarpsins og leggur til að þær verði endurskoðaðar með tilliti til gildandi samninga milli stjórnvalda og bakhjarla VIRK um fram tíðarskipan fjármögnunar starfsendurhæfingar á Íslandi.

Vigdís Jónsdóttir  
Framkvæmdastjóri VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs

# Þjónustusamningur

milli velferðarráðuneytisins og VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs um þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar á grundvelli 9. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, við einstaklinga utan vinnumarkaðar. Þar er meðal annars átt við þá sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri á grundvelli laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, örorkulífeyri á grundvelli laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu sveitarfélaga á grundvelli laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og eftir atvikum þá sem eiga ekki rétt til þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, að uppfylltum skilyrðum 11. gr. sömu laga.

## 1. Markmið

Markmið samningsins eru:

- 1.1 Að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa og standa utan vinnumarkaðar atvinnutengda starfsendurhæfingu þannig að sem flestir eigi þess kost að vera virkir á vinnumarkaði.
- 1.2 Að tryggja samþættingu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar þannig að allir þeir sem þurfa á aðstoð að halda til að komast út á vinnumarkaðinn, í kjölfar veikinda eða slysa, leiti eftir þjónustu innan sama kerfis atvinnutengdrar starfsendurhæfingar, sem hefur sterka tengingu við vinnumarkaðinn.
- 1.3 Að tryggja einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem áhersla er lögð á þarfir hvers og eins, án þess að litið sé til þess hvaðan framfærsla viðkomandi kemur.

## 2. Samningsaðilar

- 2.1 Verkaupi, sbr. 40. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, er:

Velferðarráðuneytið, f.h. félags- og jafnréttismálaráðherra.  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík  
Kennitala: 601210-1340

2.2 Verksali, sbr. 40. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, er:

VIRK – starfsendurhæfingarsjóður  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík  
Kennitala: 440608-0510

### 3. Verkefni

- 3.1 Með samningi þessum tekur verksali að sér að annast þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar við þá einstaklinga sem standa utan vinnumarkaðar og uppfylla skilyrði 11. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, á sama hátt og við þátttakendur á vinnumarkaði.
- 3.2 Þjónusta verksala skal ná til íbúa á landinu öllu þannig að þeir sem falla undir 3. tölul. 8. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, og hafa þörf fyrir atvinnutengda starfsendurhæfingu, sbr. 11. gr. laganna, fái þjónustuna sem næst heimabyggð sinni.
- 3.3 Verksali skal skipuleggja, hafa umsjón með og fjármagna þjónustu ráðgjafa í atvinnutengdri starfsendurhæfingu sem aðstoða þá sem falla undir 3. tölul. 8. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, og hafa þörf fyrir atvinnutengda starfsendurhæfingu, sbr. 11. gr. laganna.
- 3.4 Verksali skal móta og fjármagna gerð sérstakra einstaklingsbundinna áætlana um atvinnutengda starfsendurhæfingu fyrir þá sem falla undir 3. tölul. 8. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, og hafa þörf fyrir atvinnutengda starfsendurhæfingu, sbr. 11. gr. laganna.
- 3.5 Verksali skal fjármagna viðeigandi úrræði, aðgerðir og verkefni á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar fyrir þá sem falla undir 3. tölul. 8. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, og hafa þörf fyrir atvinnutengda starfsendurhæfingu, sbr. 11. gr. laganna, samkvæmt einstaklingsbundnum áætlunum eftir því sem við á hverju sinni.
- 3.6 Verksali skal gera þjónustusamninga um framkvæmd úrræða, aðgerða og verkefna á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar, sbr. lið 3.5, við þjónustuaðila sem bjóða upp á slík úrræði.

M þör

- 3.7 Verksali skal veita atvinnurekendum og stjórnendum fyrirtækja og stofnana nauðsynlega fræðslu og stuðning með það að markmiði að stuðla að endurkomu einstaklinga til starfa eða auka möguleika þeirra til þátttöku í atvinnulífinu þrátt fyrir skerta starfsgetu vegna heilsubreysts í kjölfar veikinda eða slysa.
- 3.8 Þjónusta verksala skal vera í samræmi við kröfur þær sem koma fram í lögum nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, sem og kröfúlýsingu þeirri sem fylgir með samningi þessum.
- 3.9 Verksali skal gera samninga við þau stéttarfélag eða önnur félag á vinnumarkaði sem hann kys að eiga samstarf við um ráðningu ráðgjafa og um veitingu þjónustu sem þeir veita á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar, þar sem meðal annars kemur fram hver ber ábyrgð á störfum þeirra.
- 3.10 Verksali skal kaupa starfsábyrgðatryggingu fyrir starfsmenn sína sem og sjá til þess að slíkar tryggingar séu til staðar fyrir ráðgjafa sem starfa í tengslum við verkefnið á vegum stéttarfélaga eða annarra félaga á vinnumarkaði.
- 3.11 Verksali ber ábyrgð á því að ráðgjafar sem starfa á vegum stéttarfélaga eða annarra félaga á vinnumarkaði fari að ákvæðum, laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, þjónustusamnings þessa sem og kröfúlýsingar þeirrar sem fylgir með samningi þessum.
- 3.12 Verksali skal tryggja að hæfni starfsmanna hans sem og ráðgjafa sem starfa á vegum stéttarfélaga og annarra félaga á vinnumarkaði við atvinnutengda starfsendurhæfingu séu í samræmi við lög nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, þjónustusamning þennan sem og kröfúlýsingu þeirri sem fylgi með samningi þessum.
- 3.13 Verksali skal tilnefna fulltrúa í staðbundin samhæfingarteymi sem verkkaupi skipar þar sem heilsugæslan, félagsþjónusta sveitarfélaga, starfsendurhæfingarsjóðir, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun eiga fulltrúa í þeim tilgangi að tryggja samvinnu og skilvirkni milli ólíkra þjónustukerfa sem kunna að vera að veita þátttakendum í atvinnutengdri starfsendurhæfingu þjónustu hver á sínu sviði. Markmiðið er jafnframt að tryggja ákveðna samfellu þurfi þátttakendur í atvinnutengdri starfsendurhæfingu að fara milli þjónustukerfa.

3.14 Verksali skal hafa innkaupastefnu í samræmi við 18. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, en gæta skal hagkvæmni, jafnræðis og gagnsæis við innkaup á þjónustu.

#### 4. Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

4.1 Verkkaupi greiðir ekki sérstaklega fyrir kostnað vegna þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar sem veitt er á grundvelli samnings þessa en greiðslan telst felast í framlagi úr ríkissjóði, sem skal vera hluti af gjaldstofni almenns tryggingagjalds skv. 7. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, sbr. einnig 1. mgr. 9. gr. sömu laga og 3. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald.

4.2. Verkkaupi mun leggja til við Alþingi að árlegt framlag til samnings þessa verði í samræmi við lið 4.1 í samningi þessum. Gerður er fyrirvari um aðgerðir sem stjórnvöld kunna að ákveða við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig er heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi eða hagræðingu í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til í sama mæli og í rekstri sambærilegra verkefna taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga. Slík hagræðing getur meðal annars falið í sér að verksali ákveði að skera niður eða hætta þjónustu við einstaklinga. Komi til þess skulu aðilar ná samkomulagi um hvernig hagræðingu skuli mætt. Verksali á ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum vegna slíkra aðgerða.

4.3 Verksali ber fulla fjárhagslega ábyrgð á öllum þeim kostnaði sem hann verður fyrir vegna starfsemi sinnar, þar með talið vegna starfsmanna sinna, svo sem vegna launa, launatengdra gjalda, lífeyrisskuldbindinga og annarra kjarasamningsbundinna réttinda starfsmanna, sem og vegna hugsanlegs tjóns sem hann kann að verða fyrir og tryggir sig ekki gegn.

4.4 Verksali skilar ársreikningi fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit og skýringar, sbr. 20. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

4.5 Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verksala í samráði við ríkisendurskoðun, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

#### 5. Eftirlit verkkaupa

5.1 Verkkaupi hefur eftirlit með að starfsemi verksala sé í samræmi við lög nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, samþykktir (skipulagsskrá) verksala, þjónustusamning þennan sem og kröfulýsingu þeirri sem fylgir með samningi þessum, sbr. 23. gr. laganna.

- 5.2 Verksali skal veita verkkaupa allar þær upplýsingar og öll þau gögn sem nauðsynleg eru að mati verkkaupa í því skyni að meta framgang og árangur atvinnutengdrar starfsendurhæfingar, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd eru þó aðeins afhent gögn sem eru ekki persónugreinanleg.
- 5.3 Telji verkkaupi verksala ekki uppfylla kröfur samkvæmt lögum, samþykktum (skipulagsskrá) verksala, þjónustusamningi þessum eða kröfulýsingu þeirri sem fylgir með samningi þessum eða starfsemi hans sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust skal verkkaupi beina tilmælum um úrbætur til verksala, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.
- 5.4 Verði verksali ekki við tilmælum verkkaupa um úrbætur innan hæfilegs frests afturkallar verkkaupi viðurkenningu verksala samkvæmt 13. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Sé um að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi getur verkkaupi afturkallað viðurkenningu verksala án þess að veita honum undanfarandi frest til úrbóta, sbr. 4. mgr. 23. gr. laganna.
- 5.5 Komi til afturköllunar verkkaupa á viðurkenningu verksala fer eftir 24. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

## 6. Meðferð ágreiningsmála

- 6.1 Rísi ágreiningur milli verkkaupa og verksala um ætlað brot, túlkun eða framkvæmd á þjónustusamningi þessum eða kröfulýsingu þeirri sem fylgir með samningi þessum skulu verkkaupi og verksali leitast við að jafna ágreining sín á milli.
- 6.2. Dómsmál sem rísa kann vegna ágreinings verkkaupa og verksala við túlkun á lögum, þjónustusamningi þessum eða kröfulýsingu þeirri sem fylgir með samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 7. Þagnarskylda

- 7.1 Verksali skal gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar þeirra sem leita til hans, svo sem um ástand þeirra, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Um þagnarskylduna gildir 19. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.
- 7.2 Þagnarskylda skv. lið 7.1 nær ekki til atvika sem starfsmanni verksala ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Í þeim tilvikum ber verksala skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær stjórnvöld. Þagnarskylda helst að öðru leyti, sbr. 2. mgr. 19. gr.

laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

- 7.3 Einstaklingur sem nýtur þjónustu verksala getur með samþykki sínu veitt verksala heimild til að miðla upplýsingum um sig til annarra aðila, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

## **8. Yfirferð og endurskoðun samnings**

- 8.1 Meta skal árlega framgang og möguleika til þróunar samnings þessa, sbr. 2. másl. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, meða annars með því að yfirfara samning þennan.
- 8.2 Verksali skuldbindur sig til að upplýsa verkkaupa þegar í stað um öll þau atvik sem upp kunna að koma og valda því að verksali telur sig ekki geta staðið við ákvæði samnings þessa og skulu aðilar samningsins þá endurskoða samninginn.
- 8.3 Á gildistíma samnings þessa getur hvor samningsaðili um sig farið fram á að aðilar samningsins endurskoði sameiginlega einstaka ákvæði samningsins telji hann forsendur samningsins hafa breyst eða að um hafi verið að ræða vanefndir af hálfu hins samningsaðilans. Slík endurskoðun skal hefjast í síðasta lagi einum mánuði eftir að óskín hefur formlega verið sett fram.
- 8.4 Heildarendurskoðun á samningi þessum skal fara fram berist verkkaupa tilkynning um stofnun nýs starfsendurhæfingarsjóðs, sbr. 1. másl. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

## **9. Samningstími**

- 9.1 Samningur þessi er ótímabundinn, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Regluleg endurskoðun samningsins samkvæmt lögunum skal vera á 2 ára fresti, sbr. þó lið 4.2.

## **10. Frumrit samnings**

- 10.1 Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og telst hvort um sig fullgilt frumrit samningsins.
- 11.2 Eitt undirritað eintak af samningi þessum skal vera í vörslu hvors samningsaðila.

**Ákvæði til bráðabirgða við samning þennan.**


Þrátt fyrir lið 3.12 mega þeir ráðgjafar sem starfa á vegum félaga á vinnumarkaði við undirritun samnings þessa og uppfylla ekki skilyrði liðar 3.12 halda áfram störfum sínum.






Hinn 4. mars 2015 náðist samkomulag milli félags- og húsnæðismálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra annars vegar og stjórnar starfsendurhæfingarsjóðsins VIRK ses. hins vegar . Með samkomulaginu var m.a. samið um framlög stjórnvalda skv. 7. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Enn fremur var gert samkomulag í desember 2015 um að stjórnvöld greiddu 500 m.kr. framlög skv. 7. gr. laga nr. 60/2012 á árinu 2016 í stað 650 m.kr. Hefur fyrrgreindum lögum verið breytt til samræmis við samkomulagið, sbr. lög nr. 124/2015, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (ýmsar breytingar) sem tóku gildi 28. desember 2015. Samkomulag þetta er fylgiskjal III með samningi þessum.

Reykjavík, 27. september 2017.



Þorsteinn Víglundsson

Félags- og jafnréttismálaráðherra.



Þórunn Sveinbjarnardóttir

F.h. VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs.

Fylgiskjöl með samningi þessum:

Nr. 1 Kröfúlýsing fyrir starfsendurhæfingarsjóði.

Nr. 2 Samkomulag félags- og húsnæðismálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra annars vegar og stjórnar starfsendurhæfingarsjóðs VIRK ses. hins vegar frá 4. mars 2015.

Nr. 3 Samkomulag frá desember 2015.

## Kröfulýsing

fyrir starfsendurhæfingarsjóði sem óska eftir viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

M Þor

# Kröfulýsing

fyrir starfsendurhæfingarsjóði sem óska eftir viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

bjv  
M

## Efnisyfirlit

<b>0</b>	<b>FORMÁLI</b> .....	<b>3</b>
0.1	ÚTGÁFA OG ENDURSKOÐUN.....	3
0.2	EFNI.....	3
0.3	HLUTVERK.....	3
0.4	NOTKUN.....	3
0.5	HUGTÖK.....	3
<b>1</b>	<b>REKSTUR</b> .....	<b>7</b>
1.1	SKIPULAG, STJÓRNENDUR OG STARFSMENN .....	7
1.1.1	<i>Skipulag</i> .....	7
1.1.2	<i>Ábyrgðarstöður</i> .....	8
1.1.3	<i>Mannauðsmál</i> .....	8
1.1.4	<i>Þjálfun og endurmenntun</i> .....	9
1.1.5	<i>Gjaldtaka</i> .....	9
1.2	REKSTUR Á SAMNINGSTÍMA.....	10
1.2.1	<i>Viðurkenning ráðherra</i> .....	10
1.2.2	<i>Innkaup</i> .....	10
1.2.3	<i>Upplýsingar um þjónustu</i> .....	11
1.2.4	<i>Samvinna og samstarf</i> .....	11
1.2.5	<i>Gæðastjórnun</i> .....	12
1.2.6	<i>Meðferð persónuupplýsinga</i> .....	14
1.2.7	<i>Upplýsingaskylda á samningstíma</i> .....	15
1.3	EFTIRLIT.....	16
1.3.1	<i>Eftirlit ráðherra</i> .....	16
1.3.2	<i>Endurskoðun á framkvæmd og fjármálum</i> .....	17
<b>2</b>	<b>ÞJÓNUSTA</b> .....	<b>18</b>
2.1	TRYGGÐIR EINSTAKLINGAR.....	18
2.2	ATVINNUTENGD STARFSENDURHÆFING .....	18
2.2.1	<i>Veiting þjónustu</i> .....	18
2.2.2	<i>Ráðgjöf</i> .....	19
2.2.3	<i>Mat á starfsgetu og einstaklingsbundin áætlun</i> .....	21
2.2.4	<i>Úrræði</i> .....	21
2.3	FRÆÐSLA OG STUÐNINGUR.....	22
2.4	STYRKIR TIL VERKEFNA .....	23

## 0 Formáli

### 0.1 Útgáfa og endurskoðun

Þetta er 1. útgáfa af *Kröfulýsingu fyrir starfsendurhæfingarsjóði*, sem samþykkt var í velferðarráðuneytinu þann 27.09.2017 á grundvelli 9. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, og öðlaðist þá gildi.

Ef ástæða er til að breyta kröfum til þjónustunnar er gefin út ný útgáfa af þessari lýsingu. Endurskoðun og útgáfustýring lýsingarinnar er í höndum ráðuneytisins og gerð í samstarfi við starfsendurhæfingarsjóði.

### 0.2 Efni

Í þessari lýsingu eru settar fram almennar kröfur til starfsendurhæfingarsjóða.

Lýsingunni er skipt í tvo kafla og einn viðauka:

Í kafla 1 er fjallað um rekstur starfsendurhæfingarsjóða og settar fram almennar kröfur sem lúta að honum, svo sem um skipulag, ábyrgðarstöður, gæða- og árangursstjórnun, skráningar og gögn, upplýsingaskyldu og eftirlit.

Í kafla 2 er þjónusta starfsendurhæfingarsjóða skilgreind og gerðar almennar kröfur til hennar. Þar er fjallað sérstaklega um einstaka þætti þjónustunnar og annað sem snertir þá sem njóta þjónustunnar með beinum hætti.

### 0.3 Hlutverk

Hlutverk þessarar lýsingar er tvíþætt:

1. Að vera kröfuskjal með lágmarkskröfum ráðuneytis til starfsendurhæfingarsjóða vegna samninga sem það gerir við sjóðina skv. 9. gr. laga nr. 60/2012.
2. Að auðvelda eftirlit sem ráðherra hefur með starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, sbr. 23. gr. laga nr. 60/2012.

### 0.4 Notkun

Þær kröfur sem hér eru settar fram eru sérstaklega afmarkaðar í texta lýsingarinnar. Hver krafa hefur númer og heiti og mynda númerin eina samfellda röð, óháð kaflaskiptingu lýsingarinnar.

Lýsingin er notuð sem kröfuskjal með þjónustusamningi sem gerður er um rekstur þjónustunnar og er lögð til grundvallar þegar ráðuneyti eða fulltrúar þess gera úttektir á starfseminni.

### 0.5 Hugtök

Í lýsingunni eru notuð ákveðin hugtök og heiti sem hafa eftirfarandi merkingu:

**Athugasemd:** Það kallast athugasemd þegar **úttektarmaður** verður þess áskynja og skráir í úttektarskýrslu stakt tilvik eða fá tilvik um að ekki sé farið að tiltekinni kröfu í **lögum nr. 60/2012**, samþykktum hlutaðeigandi sjóðs eða **þjónustusamningi** (þ.m.t. þessari **kröfulýsingu**) en jafnframt kemur í ljós að krafan er almennt uppfyllt. **Úttektarmaður** getur einnig

ákveðið að láta fjórar eða fleiri **athugasemdir** sem hann gerir og tengjast allar sama kröfukaflanum, gilda sem **frávik**.

**Atvinnutengd starfsendurhæfing:** Verkefni **starfsendurhæfingarsjóðs** sem felur í sér ráðgjöf og úrræði fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa til að auka starfsgetu þeirra og stuðla markvisst að endurkomu þeirra til vinnu að fullu eða hluta.

Atvinnutengd starfsendurhæfing er byggð á einstaklingsbundinni áætlun þar sem unnið er með styrkleika **þátttakandans** samhliða því að lögð er áhersla á að draga úr áhrifum hindrana sem skerða starfsgetu hans.

Þjónusta, sem ríkið veitir skv. lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og sem sveitarfélög veita skv. lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, telst ekki til atvinnutengdrar starfsendurhæfingar en er oft á tíðum hluti af heildstæðri starfsendurhæfingu **þátttakenda**. Sjá nánar inngang kafla 2.

**Eftirlit:** Eftirlit ráðherra með starfsemi **starfsendurhæfingarsjóða** skv. 23. gr. **laga nr. 60/2012**. Eftirlitið getur m.a. falið í sér **úttektir** og **þjónustukannanir**.

**Forvarnir:** (e. *preventive action*) Hér eingöngu notað um forvarnir í starfsemi **starfsendurhæfingarsjóðs**. Forvarnir eru ráðstafanir sem miða að því greina og meta hugsanlegar hættur og þá áhættu sem þeim fylgir til að koma í veg fyrir að skapist **frábrigði** eða **frávik** í starfseminni.

**Frábrigði:** Notað hér almennt um þau tilvik þegar þjónusta er ekki í samræmi við reglur, verklag eða kröfur sem til hennar eru gerðar eða vikið hefur verið á annan hátt frá reglum eða verklagi í starfseminni.

**Frávik:** Það er kallað frávik þegar **úttektarmaður** verður þess áskynja og skráir í úttektarskýrslu að tiltekin krafa í **lögum nr. 60/2012**, samþykktum hlutaðeigandi sjóðs eða **þjónustusamningi** (þ.m.t. þessari **kröfulýsingu**) sé almennt ekki uppfyllt. **Úttektarmaður** getur einnig ákveðið að láta fjórar eða fleiri **athugasemdir** sem hann gerir og tengjast allar sama kröfukaflanum, gilda sem frávik.

**Heilbrigðisstarfsmaður:** Einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar, sbr. 2. gr. laga, nr. 34/2012, um heilbrigðisstarfsmenn.

**Kröfulýsing:** Þessi lýsing sem lýsir kröfum **ráðuneytis** til þeirrar þjónustu sem **starfsendurhæfingarsjóður** skal veita. Kröfulýsing er fylgiskjal **þjónustusamnings** og lögð til grundvallar **úttektum**.

**Lög nr. 60/2012:** Lög nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Í **kröfulýsingunni** er látið nægja að tiltaka númer laganna, þar sem vitnað er í þau.

**Ráðgjafi:** Sá sem hefur umsjón með, aðstoðar og ráðleggur **þátttakendum**. Ráðgjafi er **starfsmaður** starfsendurhæfingarsjóðs eða starfar á vegum félaga á vinnumarkaði.

- Ráðuneyti:** Velferðarráðuneytið, sem gerir **þjónustusamning** við **starfsendurhæfingarsjóð** um veitingu **atvinnutengdrar starfsendurhæfingar**.
- Samningstími:** Sá tími sem **starfsendurhæfingarsjóður** hefur með höndum samningsbundnar skyldur um veitingu þjónustunnar. Samningstími er skilgreindur í **þjónustusamningi**.
- Sérfræðingur hjá starfsendurhæfingarsjóði:** Sérfræðingur sem er starfsmaður Starfsendurhæfingarsjóðs. Hann hefur umsjón með, aðstoðar og ráðleggur **ráðgjöfum** í sínum störfum og hefur eftirlit með störfum **þjónustuaðilla** á grundvelli samninga. Sérfræðingur hjá starfsendurhæfingarsjóði kemur einnig að þróun á vinnuferlum vegna starfa ráðgjafa og þróun starfsgetumats.
- Starfsendurhæfingarsjóður:** Sjálfseignarstofnun sem gerir þjónustusamning við **ráðuneyti** (ráðherra) um **atvinnutengda starfsendurhæfingu** samkvæmt 9. gr. **laga nr. 60/2012**.
- Starfsmaður:** Sá sem ráðinn er til starfa hjá **starfsendurhæfingarsjóði**.
- Skrá:** Hvers kyns skráning eða skjölun þar sem tilgreindur er árangur sem hefur náðst eða færðar sönnur fyrir starfsemi sem farið hefur fram. Skrár geta verið rafrænar eða á pappír.
- Úrbætur:** (e. *corrective action*) Ráðstafanir í starfsemi **starfsendurhæfingarsjóðs**, sem eru viðbrögð við því sem úrskaiðis hefur farið í starfseminni. Þær miða að því að uppræta orsakir hugsanlegra **frábrigða** eða **frávika** í starfseminni og koma þannig í veg fyrir endurtekningu og, eftir atvikum, að bæta þann skaða sem orðinn er.
- Úrræði:** **Aðkeypt** þjónusta sem þátttakandi í starfsendurhæfingu fær til að ná færni.
- Utanaðkomandi sérfræðingur í starfsendurhæfingu:** Sérfræðingur sem starfar samkvæmt samningi við starfsendurhæfingarsjóð. Hann kemur að uppbyggingu starfsendurhæfingaráætlunar og mati á starfsgetu **þátttakenda**.
- Úttekt:** Kerfisbundin skoðun **úttektarmanns** á því hvort kröfur í lögum nr. **60/2012**, samþykktum hlutaðeigandi sjóðs eða **þjónustusamningi** (þ.m.t. þessari **kröfulýsingu**) séu uppfylltar.
- Úttektarmaður:** Einstaklingur á vegum **ráðherra** sem gerir **úttekt** á samræmi starfsemi **starfsendurhæfingarsjóðs** við kröfur, sbr. 23. gr. **laga nr. 60/2012**.
- Tryggður einstaklingur:** Einstaklingur sem telst tryggður og á rétt á þjónustu **starfsendurhæfingarsjóðs** samkvæmt 8. gr. **laga nr. 60/2012**.
- Þátttakandi:** Einstaklingur sem fær **atvinnutengda starfsendurhæfingu** á vegum **starfsendurhæfingarsjóðs**.
- Þjónustuaðili:** Sá sem starfsendurhæfingarsjóður hefur samið við um að bjóða þátttakendum úrræði, aðgerðir og verkefni á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.
- Þjónustusamningur:** Samningur **starfsendurhæfingarsjóðs** við **ráðherra** um þjónustu skv. 9. gr. **laga nr. 60/2012**.

**Þverfaglegt teymi:** Þverfaglegt teymi samanstendur af mismunandi sérfræðingum sem starfa við mat og meðferð í starfsendurhæfingu. Ákvarðanir og markmið eru unnin innan teymisins og er íhlutun í starfsendurhæfingu miðuð að þörfum þátttakanda.



# 1 Rekstur

Með kjarasamningum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá febrúar 2008 og kjarasamningum ríkis og sveitarfélaga við samtök launafólks á opinberum vinnumarkaði frá júlí 2009 var almennu launafólki tryggður réttur til þjónustu starfsendurhæfingarsjóða í kjölfar veikinda og slysa. Í yfirlýsingu ríkisstjórnar vegna kjarasamninga í febrúar 2008 og júlí 2009 varð samkomulag um framtíðarskipan fjármögnunar starfsendurhæfingar í landinu. Var það samkomulag fest í sessi með setningu laga nr. 60/2012 og samhliða því breytingum á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, þar sem fjallað er um hlutdeild starfsendurhæfingarsjóða í tryggingagjaldi.

Rekstur starfsendurhæfingarsjóða fer fram samkvæmt lögum nr. 60/2012.

Þjónustusamningar við starfsendurhæfingarsjóði skulu almennt vera ótímabundnir. Samningur til lengri tíma en eins árs fellur undir 40. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

Í þessum kafla er fjallað um kröfur til rekstrarfyrirkomulags starfsendurhæfingarsjóða.

## 1.1 Skipulag, stjórnendur og starfsmenn

### 1.1.1 Skipulag

Umfang þjónustunnar sem starfsendurhæfingarsjóður tekur að sér er skilgreint í þjónustusamningi. Starfsendurhæfingarsjóður skipuleggur starfsemi sína út frá þessu umfangi og í ljósi þeirra krafna sem gerðar eru. Auk krafna í þessari kröfulýsingu þarf starfsendurhæfingarsjóður að hafa reiður á öðrum opinberum kröfum sem gilda hverju sinni um starfsemina og gæta þess að hafa reksturinn ávallt í samræmi við þær. Að teknu tilliti til umfangs og krafna ræður starfsendurhæfingarsjóður því sjálfur hvernig hann skipuleggur rekstur sinn.

#### 1. [Rekstrarform og starfssvið.](#)

Starfsendurhæfingarsjóður skal vera sjálfseignarstofnun sem stofnuð er af félögum á vegum einstaklinga eða samtaka á vinnumarkaði og eingöngu hafa með höndum verkefni sem kveðið er á um í lögum nr. 60/2012.

#### 2. [Rekstur.](#)

Starfsendurhæfingarsjóður skal skipuleggja og annast rekstur þeirrar þjónustu sem tilgreind er í lögum nr. 60/2012 og í þjónustusamningi þ.m.t. þessari kröfulýsingu. Starfsendurhæfingarsjóður skal reka þjónustuna í samræmi við það umfang sem þar er skilgreint og á þann hátt að kröfur sem settar eru fram í þessari lýsingu séu ætíð uppfylltar.

#### 3. [Samræmi við ytri kröfur.](#)

Skipulag og veiting þjónustunnar skal vera í samræmi við gildandi lög, reglugerðir, reglur, fyrirmæli og skilmála stjórnvalda og kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins sem eiga við um reksturinn. Starfsendurhæfingarsjóður skal hafa reiður á því hvaða gögn af þessu tagi eru í gildi á hverjum tíma, hafa þau aðgengileg og bregðast við breytingum á þeim, án óþarfa tafa, með viðeigandi breytingum á innviðum og reglum starfseminnar.

#### 4. [Skipulag og skipurit.](#)

Skipurit fyrir þjónustuna skal vera í gildi allan samningstímamann og uppfært við breytingar. Skipulag starfseminnar svo og starfssvið og ábyrgð stjórnenda skulu vera skýrt skilgreind og starfsmenn upplýstir um þetta.

5. [Þjónusta í heimabvæð.](#)

Þjónusta sem veitt er á grundvelli laga nr. 60/2012 og þjónustusamnings (þ.m.t. þessarar kröfulýsingar) skal skipulögð þannig að tryggðir einstaklingar fái þjónustuna sem næst heimabyggð sinni. Miða skal við að ráðgjafar veiti ráðgjöf í þéttbýliskjörnum með 2000 íbúa eða fleiri og að lágmarki sé einn ráðgjafi fyrir hvern landsfjórðung. Þéttbýliskjarnar þar sem innan við 20 kílómetrar eru á milli þeirra, líkt og er milli Árborgar og Hveragerðis eða Grindavíkur og Reykjanesbæjar, teljast vera einn þéttbýliskjarni í þessu sambandi. Ráðgjafar veita ráðgjöf þeim sem búa utan þessara þéttbýliskjarna samkvæmt þörfum hverju sinni. Starfsendurhæfingarsjóðir skulu tryggja að úrræði séu til staðar í hverjum þéttbýliskjarna með 2000 íbúa eða fleiri..

1.1.2 **Ábyrgðarstöður**

Starfsendurhæfingarsjóður ákveður sjálfur hvernig ábyrgð og hlutverkum er skipt milli starfsmanna, þ.m.t. ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði, að uppfylltum eftirfarandi kröfum.

6. [Stjórn, stjórnarmenn og framkvæmdastjóri.](#)

Um hlutverk, ábyrgð og kröfur til stjórnar, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fer skv. 16. gr. laga nr. 60/2012.

7. [Faglegir stjórnendur.](#)

Faglegir stjórnendur innan starfsendurhæfingarsjóðs skulu hafa háskólapróf á sviði heilbrigðis- eða menntavísinda og starfsreynslu af atvinnutengdri starfsendurhæfingu eða annarri endurhæfingu. Þeir skulu bera faglega ábyrgð á þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs og hafa umsjón með störfum ráðgjafa.

1.1.3 **Mannauðsmál**

Starfsendurhæfingarsjóður ræður fólk til starfa, stýrir mönnun starfseminnar í samræmi við þörf og heldur uppi því þjónustustigi sem þessi kröfulýsing gerir kröfur um.

8. [Mönnun.](#)

Starfsendurhæfingarsjóður skal tryggja að starfsemin sé ætíð mönnuð með fullnægjandi hætti svo unnt sé að veita þá þjónustu sem skilgreind er í lögum nr. 60/2012 og þjónustusamningi (þ.m.t. þessari kröfulýsingu).

9. [Menntun ráðgjafa](#)

Ráðgjafi, skal hafa háskólapróf sem nýttist í starfi og reynslu af atvinnutengdri starfsendurhæfingu eða annarri endurhæfingu er æskileg. Sama gildir um ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði.

10. [Starfslok ráðgjafa.](#)

Starfslok ráðgjafa og flutningur þátttakenda milli ráðgjafa af þeim sökum skulu kynntar þeim þátttakendum sem hlut eiga að máli með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara, nema að óviðráðanleg atvik hamli.

11. [Starfsréttindi og hæfni.](#)

Starfsendurhæfingarsjóður skal tryggja að hæfni ráðgjafa, þ.m.t. ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði, sé í samræmi við kröfu 9 í þessari kröfulýsingu sem og nægilega hæfni annarra starfsmanna sem með störfum sínum geta haft áhrif á það hvort kröfur í þessari kröfulýsingu eru uppfylltar. Sjóðurinn skal veita viðeigandi þjálfun eða gera aðrar ráðstafanir til að mæta þessum hæfniskröfum. Einnig skal starfsendurhæfingarsjóður tryggja að starfsmenn, þ.m.t. ráðgjafar á vegum félaga á vinnumarkaði, geri sér grein fyrir þýðingu og mikilvægi þess sem þeir gera og á hvern hátt þeir stuðla að því að gæða- og árangursmarkmiðum sé náð (sjá kafla 1.2.5.2).

12. Hæfi.

Starfsendurhæfingarsjóður skal tryggja hæfi starfsmanna, þ.m.t. ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði, sem sinna verkefnum þar sem persónulegir hagsmunir eða tengsl geta hugsanlega haft áhrif á ákvarðanir. Hér getur t.d. verið um að ræða fjárhagslega hagsmuni, fjölskyldutengsl eða vinatengsl og getur t.d. átt við um aðkomu starfsmanna, þ.m.t. ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði, að innkaupum sjóðsins eða þjónustu við þátttakendur. Sjóðurinn skal kanna hagsmuni og tengsl sem geta haft áhrif á ákvarðanir og setja starfsmönnum, þ.m.t. ráðgjöfum á vegum félaga á vinnumarkaði, reglur um upplýsingaskyldu í þessum efnum.

13. Túlkun.

Starfsmenn, sem eru í samskiptum við þátttakendur, þ.m.t. ráðgjafar á vegum félaga á vinnumarkaði, skulu tala og skilja íslensku. Sjóðurinn skal tryggja þátttakanda, sem notar táknmál, túlkun á samskiptum sínum við starfsmenn, þ.m.t. ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði. Sama á við um þátttakanda sem hvorki talar íslensku né annað tungumál sem nýtist í samskiptum.

14. Yfirlýsing um þagnarskyldu.

Allir starfsmenn, þ.m.t. ráðgjafar á vegum félaga á vinnumarkaði, og aðrir þeir sem fá aðgang að persónugreinanlegum gögnum um þátttakendur af öðrum ástæðum skulu undirrita heit um trúnaðar- og þagnarskyldu. Í heitinu skal felast að viðkomandi gæti fyllstu þagnarskyldu um allt það sem hann kemst að um þátttakendur. Þagnarskyldan skal haldast þótt viðkomandi láti af störfum.

15. Upplýsingar um starfsleyfi, menntun og þjálfun.

Starfsendurhæfingarsjóður skal halda starfsmannaskrá, þ.m.t. yfir ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði, og hafa gögn um starfsleyfi þeirra sem gegna starfsleyfisskyldum störfum, auk upplýsinga um menntun, reynslu og þjálfun allra sem gegna þar störfum.

1.1.4 **Þjálfun og endurmenntun**

Starfsendurhæfingarsjóður sér starfsmönnum, þ.m.t. ráðgjöfum á vegum félaga á vinnumarkaði, fyrir þjálfun og endurmenntun (símennntun) sem nýtist þeim í starfi.

16. Þjálfun nýrra starfsmanna.

Nýir starfsmenn, þ.m.t. ráðgjafar á vegum félaga á vinnumarkaði, skulu, í samræmi við störf þeirra og starfslýsingar, fá þjálfun og handleiðslu í því verklagi sem þeim er ætlað að fylgja.

17. Frammistöðumat.

Starfsendurhæfingarsjóður skal koma sér upp aðferðum til að meta frammistöðu starfsmanna, þ.m.t. ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði, í þeim þáttum sem helst stuðla að árangri þátttakanda. Meta skal frammistöðu hvers starfsmanns, þ.m.t. ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði, a.m.k. einu sinni á ári.

18. Endurmenntun (símennntun).

Starfsendurhæfingarsjóður skipuleggur og gerir áætlun um endurmenntun starfsmanna, þ.m.t. ráðgjafa er starfa á vegum félaga á vinnumarkaði, fylgir áætluninni eftir og metur árangur. Byggja skal á niðurstöðu frammistöðumats þegar endurmenntun er ákveðin.

1.1.5 **Gjaldtaka**

Framlög atvinnurekenda, lífeyrissjóða og ríkisins til starfsendurhæfingarsjóðs, sbr. II kafla laga nr. 60/2012, eiga að standa undir þeirri þjónustu sem sjóðnum er skylt að veita.

19. Gjaldtaka.

Starfsendurhæfingarsjóði er heimilt að taka gjald af þátttakendum fyrir þá þjónustu sem veitt er á vegum hans skv. 10. gr. laga nr. 60/2012. Ef um er að ræða þjónustu

heilbrigðisstarfsmanns skal gjald ekki vera hærra en nemur fjárhæð fyrir viðkomandi þjónustu samkvæmt reglugerð um greiðsluþátttöku sjúklinga.

## 1.2 Rekstur á samningstíma

### 1.2.1 Viðurkenning ráðherra

Áður en starfsendurhæfingarsjóður hefur rekstur skal hann fá viðurkenningu ráðherra að uppfylltum skilyrðum skv. 13. gr. laga nr. 60/2012.

#### 20. Viðurkenning ráðherra.

Starfsendurhæfingarsjóður skal hafa í gildi viðurkenningu ráðherra á starfsemi sinni. Allar breytingar á samþykktum (skipulagsskrá) skal tilkynna ráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur viðurkennt þær, sbr. einnig 2. mgr. 13. gr. laga nr. 60/2012.

### 1.2.2 Innkaup

#### 1.2.2.1 Innkaup vegna þjónustu

Starfsendurhæfingarsjóði ber að hafa í gildi innkaupastefnu vegna innkaupa á þjónustu og er hún forsenda viðurkenningar ráðherra á starfsemi hans, sbr. 13. gr. laga nr. 60/2012.

#### 21. Innkaupastefna.

Stjórnendur starfsendurhæfingarsjóðs skulu setja sjóðnum innkaupastefnu í samræmi við kröfur 18. gr. laga nr. 60/2012 og skal innkaupastefnan endurskoðuð reglulega.

#### 22. Umfang innkaupastefnu.

Innkaupastefna starfsendurhæfingarsjóðs skal að lágmarki ná til kaupa á þeirri þjónustu sem heyrir undir atvinnutengda starfsendurhæfingu (kafli 2.2) og til fræðslu og stuðnings (kafli 2.3) en einnig til styrkveitinga (kafli 2.4) ef þær eru hluti af starfsemi sjóðsins.

#### 23. Stýring innkaupa (innkaupaferli).

Starfsendurhæfingarsjóður skal stýra innkaupum samkvæmt skjalfestu ferli, sem tryggir að gætt sé hagkvæmni, jafnræðis og gagnsæis við innkaup, innkaupasamningar séu gerðir að undangengnum samanburði meðal sem flestra þjónustuveitenda, þ.m.t. þjónustuaðila, og á gæðum þjónustu m.a. með því að auglýsa fyrirhuguð kaup á þjónustu, t.d. á vefsíðu sjóðsins. Innkaupaferlið skal einnig tryggja að innkaupin séu endurmetin reglulega og gripið til nauðsynlegra aðgerða sem leiða af matinu.

Starfsendurhæfingarsjóður getur ákveðið að ganga til samninga við aðila um rannsóknir, þróun og uppbyggingu í atvinnutengdri starfsendurhæfingu án undangenginna tilboða, að því gefnu að þeir séu gerðir til skamms tíma. Þetta á t.d. við um eftirfarandi þætti/aðstæður:

- a. Ýmis tilraunaverkefni og verkefni sem eru lítil að umfangi og/eða til takmarkaðs tíma.
- b. Samninga um þjónustu þegar verið er að byggja upp tiltekna þjónustuþætti.

#### 24. Staðfesting landlæknis.

Þegar samið er við fagaðila á heilbrigðissviði um kaup á úrræðum er Starfsendurhæfingarsjóði eingöngu heimilt að semja við heilbrigðisstarfsmenn sem landlæknir hefur staðfest að uppfylli lágmarkskröfur og ákvæði laga á sviði heilbrigðisþjónustu.

Fleiri kröfur, sem snúa að einstökum tegundum innkaupa, er að finna í köflum 2.2.2, 2.2.4 og 2.4.

### 1.2.2.2 Innkaup vegna innri starfsemi

Starfsendurhæfingarsjóður getur, í þeim tilvikum sem hann telur hagkvæmt, samið við þjónustuveitanda um tiltekin verk eða störf innan sjóðsins. Hann getur einnig samið við þjónustuveitanda um að hýsa tiltekin ferli hennar, eins og t.d. rekstur tölvukerfis og gagnagrunna.

#### 25. Þjónustuveitendur.

Starfsendurhæfingarsjóði er heimilt að semja við þjónustuveitendur um að vinna tiltekin verk í starfseminni. Starfsendurhæfingarsjóður skal tryggja að í samningi sjóðsins og hlutaðeigandi þjónustuveitanda komi fram hvaða kröfur skuli gilda um starfsmenn þjónustuveitanda sem að þjónustunni koma, svo sem ákvæði um þagnarskyldu. Starfsendurhæfingarsjóður ber ábyrgð á að þjónustuveitandi uppfylli kröfurnar sem gerðar eru í þessari kröfulýsingu. eftir því sem við á.

#### 26. Hýsing.

Kjósi starfsendurhæfingarsjóður að hýsa einhver ferli hjá þjónustuveitanda, sem kröfulýsing þessi tekur til, þá skal sjóðurinn tryggja stýringu á slíkum ferlum þannig að samræmið við kröfulýsingu þessa haldist.

### 1.2.3 **Upplýsingar um þjónustu**

Upplýsingar um þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs, sem eru hagnýtar fyrir almenning, þurfa að vera aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

#### 27. Heimasíða.

Starfsendurhæfingarsjóður skal hafa upplýsingar um sjóðinn og þjónustu hans á heimasíðu á veraldarvefnum og uppfæra efni hennar þegar breytingar verða á starfseminni. Upplýsingar skulu vera um það hvar og hvernig unnt er að sækja þjónustu sjóðsins, hverjir eigi rétt á henni og um feril þjónustunnar, innihald og aðferðir. Enn fremur skulu koma fram upplýsingar um hlutverk sjóðsins, stofnaðila, samþykktir sjóðsins (skipulagsskrá), stefnur (þ.m.t. innkaupastefnu) og mælanleg markmið. Jafnframt skulu koma fram tölulegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, greindar eftir kyni, sem meðal annars gefa til kynna árangur starfseminnar. Skipulag sjóðsins (skipurit) skal einnig koma fram, ásamt nöfnum stjórnarmanna, stjórnenda, starfsmanna, þ.m.t. ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði. Að lokum skal koma fram hvernig þátttakendur og aðrir geti komið á framfæri ábendingu eða kvörtun varðandi starfsemi sjóðsins eða þjónustu hans og um feril slíkra mála hjá sjóðnum.

Á heimasíðu sjóðsins skal jafnframt vera til staðar fræðsluefni og upplýsingar fyrir atvinnurekendur og stjórnendur með það að markmiði að stuðla að endurkomu einstaklinga til starfa eða auka möguleika þeirra til þátttöku í atvinnulífínu þrátt fyrir skerta stafsgetu vegna heilsubreysts í kjölfar veikinda eða slysa.

### 1.2.4 **Samvinna og samstarf**

Í lögum nr. 60/2012 er kveðið á um að atvinnutengd starfsendurhæfing sé einn þáttur í heildstæðu kerfi endurhæfingar þar sem starfsendurhæfingarsjóðir og stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga vinni saman. Þessi samvinna starfsendurhæfingarsjóðs við ýmsa aðila í velferðarkerfinu þarf að vera skilgreind og útfærð með samkomulagi á þann hátt að samskipti og samstarf vegna atvinnutengdrar starfsendurhæfingar geti átt sér stað án hindrana.

Í því skyni að tryggja samfellu í þjónustu verður starfandi samhæfingarteymi sem ráðuneytið skipar þar sem heilsugæslan, félagsþjónustan, starfsendurhæfingarsjóðir, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun eiga fulltrúa sem geta ýmist fundað reglulega eða með öðrum hætti haft auðveldlega samband sín á milli vegna þátttakenda sem nota þjónustu margra aðila eða vegna einstakra mála sem upp kunna að koma. Teymin eru staðbundin en nokkur teymi skulu vera á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangurinn er að tryggja samvinnu og skilvirkni

milli ólíkra þjónustukerfa sem kunna að vera að aðstoða þátttakendur með einum eða öðrum hætti. Markmiðið er jafnframt að tryggja ákveðna samfellu þurfi þátttakandinn að fara milli kerfa.

#### 28. Samhæfingarteymi.

Ráðgjafar og/eða sérfræðingar starfsendurhæfingarsjóðs, þ.m.t. ráðgjafar á vegum félaga á vinnumarkaði, skulu taka þátt í starfi samhæfingarteyma sem starfrækt eru á hverju svæði. Þegar tryggður einstaklingur hefur þörf fyrir þjónustu sem veitt er innan annarra þjónustukerfa á vegum ríkis og sveitarfélaga til að ná árangri við að bæta starfsgetu sína skulu ráðgjafar leita eftir samstarfi við hlutaðeigandi þjónustuaðila með tilstuðlan samhæfingarteymisins ef þörf er á og í samráði við hinn tryggða.

### **1.2.5 Gæðastjórnun**

#### 1.2.5.1 Forsendur

Virk gæðastjórnun er lykilatriði í rekstri velferðarþjónustu. Hún tekur almennt mið af opinberri stefnumörkum sem kemur meðal annars fram í lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Aðrar forsendur gæðastjórnunar hjá starfsendurhæfingarsjóði, sem jafnframt eru forsendur fyrir viðurkenningu ráðherra á starfseminni, eru:

- Samþykktir sjóðsins (skipulagsskrá)
- Innkaupastefna

#### 1.2.5.2 Ábyrgð stjórnenda.

Stjórnendur starfsendurhæfingarsjóðs þurfa að leggja áherslu á að kröfur um faglega, skilvirka og hagkvæma þjónustu séu uppfylltar og mæti þörfum þátttakenda. Þeir skulu móta starfseminni stefnu og setja sér skýr og mælanleg gæða- og árangursmarkmið sem m.a. taka mið af forsendum í kafla 1.2.5.1. Ákveða þarf aðgerðir til að ná markmiðunum og leggja kerfisbundið mat á árangurinn með mælingum.

#### 29. Áhersla á þátttakandann.

Áhersla skal lögð á aðstæður og þarfir þátttakandans. Þannig skulu skipulag og vinnuferlar beinast að því að mæta þörf hans fyrir atvinnutengda starfsendurhæfingu og að hann nái tilætluðum árangri við að auka starfsgetu sína. Starfsmenn, þ.m.t. ráðgjafar á vegum félaga á vinnumarkaði, skulu líta á þátttakandann sem samstarfsaðila og taka mið af þörfum og viðhorfum hans við ráðgjöf og veitingu þjónustu, þ.m.t. val á úrræðum.

#### 30. Gæðastefna.

Stjórnendur starfsendurhæfingarsjóðs skulu setja fram gæðastefnu fyrir starfseminna sem tekur mið af forsendum í kafla 1.2.5.1, hæfa tilgangi starfseminnar og skapa umgjörð fyrir gæðamarkmið. Gæðastefnan skal kynnt fyrir starfsmönnum, þ.m.t. ráðgjöfum á vegum félaga á vinnumarkaði, og vera sýnileg þátttakendum og almenningi. Stefnan skal endurskoðuð a.m.k. annað hvert ár.

#### 31. Gæðamarkmið.

Stjórnendur starfsendurhæfingarsjóðs skulu setja sér mælanleg gæðamarkmið í samræmi við gæðastefnuna, ákveða nauðsynlegar aðgerðir til að ná settum gæðamarkmiðum og koma upp mælingum í þeim tilgangi að unnt sé að sannreyna hvort markmið hafi náðst. Gæðamarkmið skal endurskoða a.m.k. annað hvert ár.

32. Skiafest skipulag.

Starfsendurhæfingarsjóður skal koma upp og viðhalda stýrðum skjölum (gæðahandbók) sem lýsa kerfi gæða- og árangursstjórnunar sjóðsins, ferlum starfseminnar og samverkan þeirra, verklagsreglum og öðru sem stjórnendur telja nauðsynlegt.

33. Ánægja bátttakenda.

Starfsendurhæfingarsjóður skal á hverju ári kanna ánægju þátttakenda með þjónustu sjóðsins. Niðurstöðurnar skal nýta til að bæta þjónustuna og auka árangur (sjá umbætur í kafla 1.2.5.3).

1.2.5.3 Innra eftirlit og stöðugar umbætur

Starfsendurhæfingarsjóður þarf að hafa eftirlit með því að unnið sé í samræmi við þá tilhögun sem stjórnendur hans hafa ákveðið með hliðsjón af settum kröfum. Innra eftirlit starfsendurhæfingarsjóðs þarf einnig að sýna fram á hvort starfsemin sé í samræmi við kröfurnar.

34. Innra eftirlit (innri úttektir).

Starfsendurhæfingarsjóður skal hafa virkt innra eftirlit með því að hann uppfylli kröfur í þessari kröfulýsingu og einnig ytri kröfur (sjá kafla 1.1.1). Hann skal með skipulögðum innri úttektum sýna fram á hvort starfsemin sé í samræmi við kröfurnar og í samræmi við þá tilhögun sem skipulögð hefur verið (t.d. verklagsreglur). Eftirlitið skal ná til allra starfsmanna starfsendurhæfingarsjóðs, þ.m.t. ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði. Í kjölfar úttekta skal ráðist í úrbætur ef niðurstöður gefa til kynna að slíks sé þörf.

Starfsendurhæfingarsjóður þarf stöðugt að fylgjast með framgangi starfseminnar og þeirri framþróun sem verður í atvinnutengdri starfsendurhæfingu sem er til þess fallin að bæta starfsemina og árangur. Það gerir hann m.a. með símenntun starfsmanna, þ.m.t. ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði (sjá kröfu 18), með því að fylgja gæðastefnunni eftir (sjá kröfu nr. 30), setja gæðamarkmið (sjá kröfu nr. 31), fylgja eftir niðurstöðum innra eftirlits (sjá kröfu nr. 34), annast greiningu gagna (sjá t.d. kröfu nr. 33), viðhafa forvarnir og bregðast við því sem út af bregður með úrbótum (sjá skýringu hugtaka í kafla 0.5).

35. Úrbætur.

Starfsendurhæfingarsjóður skal grípa til úrbóta (sjá skýringu hugtaka í kafla 0.5), í kjölfar niðurstöðu innra eftirlits (sbr. kröfu 33) eða eftirlits úttektarmanns. Einnig getur verið þörf á að grípa til úrbóta við meðferð ábendinga og kvartana (sbr. kröfu 39).

36. Forvarnir.

Starfsendurhæfingarsjóður skal viðhafa forvarnir innan starfseminnar samkvæmt sérstakri áætlun um forvarnir sem skal endurskoðuð a.m.k. annað hvert ár.

1.2.5.4 Skrár

Forsenda virkrar gæðastjórnunar er að geta sýnt fram á árangur og samræmi við kröfur.

37. Skrár (skráningar).

Starfsendurhæfingarsjóður skal koma upp skrá til sönnunar um að samræmis sé gætt við kröfur og um árangur. Þetta á m.a. við um starfsmannahald (kafla 1.1.3), innkaup (kafla 1.2.2), gæða- og árangursstjórnun (kafla 1.2.5) og ferli veittrar þjónustu (kafla 2).

1.2.5.5 Synjanir.

38. Meðferð synjana

Starfsendurhæfingarsjóður skal skrá öll viðtöl við einstakling hvort sem hann kemur inn í þjónustu eða ekki. Starfsendurhæfingarsjóður skal hafa skriflegt verklag um meðferð synjana og ávallt skal skrá ástæður synjana um þjónustu. Þegar liggur fyrir formleg beiðni frá

tilvísandi lækni um atvinnutengda starfsendurhæfingu þá skal tilkynna tilvísunaraðila og tryggðum einstaklingi um synjun sjóðsins og ástæður synjunarinnar.

#### 1.2.5.6 Ábendingar og kvartanir

Starfsendurhæfingarsjóður skal hafa verklagsreglur um meðferð og afgreiðslu ábendinga og kvartana sem berast sjóðnum vegna starfsemi og þjónustu hans.

##### 39. Meðferð ábendinga og kvartana.

Lýsing á móttöku og meðferð kvartana og ábendinga skal skráð í skriflegt verklag í starfsemi starfsendurhæfingarsjóðs. Stjórnendur sjóðsins skulu brýna það sérstaklega fyrir öllum starfsmönnum, þ.m.t. ráðgjöfum á vegum félaga á vinnumarkaði, að vera vakandi fyrir óánægju þátttakenda sem og annarra, leiðbeina þeim við að koma á framfæri ábendingum eða bera fram kvörtun og sjá til þess að ábendingar og kvartanir fari í réttan farveg samkvæmt verklagsreglu. Allar ábendingar og kvartanir frá þátttakendum eða öðrum svo og ábendingar frá starfsmönnum, þ.m.t. ráðgjöfum á vegum félaga á vinnumarkaði, skulu skráðar og teknar til afgreiðslu hjá stjórnendum starfsendurhæfingarsjóðs. Þeim sem kvartaði eða bar fram ábendingu verður síðan svarað, án óþarfa tafa. Ef ábendingar eða kvartanir eiga við rök að styðjast að mati stjórnenda skal gripið til viðeigandi úrbóta (sbr. kafla 1.2.5.3). Við alla meðferð og skráningu ábendinga og kvartana skal þess sérstaklega gætt að rjúfa ekki þagnarskyldu og trúnað við þá einstaklinga sem hlut eiga að máli.

#### 1.2.6 **Meðferð persónuupplýsinga**

Starfsendurhæfingarsjóður heldur skrár um þátttakendur og ber ábyrgð á þeim. Starfsmenn, þ.m.t. ráðgjafar á vegum félaga á vinnumarkaði, sem koma að gerð einstaklingsbundinna áætlana um atvinnutengda starfsendurhæfingu, sbr. b-lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 60/2012, skulu hafa aðgang að þessum upplýsingum.

##### 40. Ábvráð og umsiðun.

Starfsendurhæfingarsjóður skal halda skrár um þátttakendur og bera ábyrgð á að skráning, meðhöndlun og varðveisla þeirra sé í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem og reglugerðir og reglur sem gilda um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

##### 41. Öryggi persónuupplýsinga.

Starfsendurhæfingarsjóður skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn óleyfilegum aðgangi, gegn ólöglegri eyðingu og gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi. Starfsendurhæfingarsjóður skal beita ráðstöfunum sem tryggja nægjanlegt öryggi miðað við áhættuna af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Þetta skal m.a. fela í sér skilgreiningu á öryggisstefnu og markmiðum í öryggismálum, áhættumat, innleiðingu nauðsynlegra stýringa, vöktun og rýni á skilvirkni kerfisins og reglulegar innri úttektir. Þegar um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða eru gerðar ríkari kröfur um aðgansstýringu og öryggi upplýsinga. Þá skal aðgangi að persónuupplýsingum stýrt og hann bundinn við starfsmenn sem starfa á vegum sjóðanna, þ. á m. fagaðila sem bundnir eru trúnaðarskyldu samkvæmt öðrum lögum, svo sem lækna, þannig að hann sé takmarkaður við þá sem þurfa á upplýsingum um viðkomandi einstakling að halda, þar sem þeir komi að ráðgjöf og gerð einstaklingsbundinnar áætlunar fyrir viðkomandi.

Fagaðilar sem koma að þjónustu við viðkomandi einstakling og framfærsluaðilar sem þurfa að hafa aðgang að upplýsingum um endurhæfingaráætlun og ástundun í starfsendurhæfingu geta fengið aðgang að tilteknum gögnum um einstaklinga gegn því að fyrir liggi upplýst undirritað samþykki einstaklings fyrir slíkri miðlun gagna.



### 1.2.7 Upplýsingaskylda á samningstíma

Starfsendurhæfingarsjóði ber að standa ráðuneyti og Ríkisendurskoðun skil á upplýsingum um rekstur starfsendurhæfingarsjóðs.

#### 42. Ársreikningur.

Semja skal ársreikning og skýrslu stjórnar fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög nr. 60/2012 og senda til ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar fyrir lok júnímánaðar ársins á eftir.

#### 43. Árleg upplýsingaajöf.

Auk upplýsinga í skýrslu stjórnar, sem kveðið er á um í lögum nr. 60/2012, skal starfsendurhæfingarsjóður árlega, fyrir lok júnímánaðar, senda ráðuneyti eftirfarandi upplýsingar um starfsemi liðsins árs. Þessar upplýsingar geta verið hluti af skýrslu stjórnar eða í öðru formi.

1. Birta skal heildarfjölda þátttakenda á liðnu ári og skiptingu þátttakenda eftir:
  - a. Kyni.
  - b. Aldri.
  - c. Fjölskylduhögum, þ.e. hjúskaparstöðu og fjölda barna á framfærslu.
  - d. Starfsgreinum.
  - e. Menntunarstig, þ.e. menntun á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi, viðbótarstigi, þar á meðal iðnmenntun, og háskólastigi.
  - f. Fjöldi einstaklinga sem koma á grundvelli tilvísana, tilvísunarástæður þ.e. ástæður þess að einstaklingur er ekki virkur á vinnumarkaði, og tilvísunaraðilar.
  - g. Fjöldi einstaklinga án tilvísana og ástæður þess að þeir eru ekki virkir á vinnumarkaði.
  - h. Meginframfærslu þátttakenda á árinu, við upphaf þjónustu, flokkað í laun í veikindum, atvinnuleysisbætur, námslán, greiðslur úr sjúkrasjóði, endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri, fjárhagsaðstoð sveitarfélags, lífeyri frá lífeyrissjóði, greiðslur í fæðingarorlofi, greiðslur samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, engar tekjur og annað.
  - i. Meginframfærslu þeirra, sem luku þátttöku á árinu við lok þjónustu, flokkað í; laun á vinnumarkaði, laun í veikindum, atvinnuleysisbætur, námslán, greiðslur úr sjúkrasjóði, endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri, fjárhagsaðstoð sveitarfélags, lífeyri frá lífeyrissjóði, greiðslur í fæðingarorlofi, greiðslur samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, engar tekjur og annað.
  - j. Hvers vegna þjónustu lauk, hjá þeim sem það á við, flokkað eftir punktlíðum í kröfu 62.
2. Gera skal grein fyrir mælingum á árangri þátttakenda og niðurstöðum þeirra.
3. Tiltaka skal fjölda stöðugilda og fjölda starfsmanna, þ.m.t. ráðgjafa á á vegum félaga á vinnumarkaði. Greina skal frá staðsetningu ráðgjafa á landinu og hvaða þjónustusvæði þeir sinntu.
4. Gefa skal yfirlit um aðkeypta þjónustu frá þjónustuaðilum, þ.m.t. styrki til verkefna sem veittir hafa verið (kafla 2.4) og skiptingu útgjalda á helstu tegundir þjónustunnar.
5. Skýra skal frá gæðamarkmiðum, aðgerðum sem ráðist var í til að ná þeim og mælingum á árangri (sjá kröfu 31).
6. Gefa skal yfirlit um framkvæmd innra eftirlits (innri úttekta) og niðurstöðu þess (sjá kröfu 34).
7. Skýra skal frá þeim úrbótum og forvörnum sem ráðist hefur verið í (sjá kröfur 35 og 36)
8. Gefa skal yfirlit um fjölda og efni ábendinga og kvartana, meðferð þeirra og úrbætur sem gripið var til vegna þeirra

9. Gefa skal yfirlit yfir fjölda synjana þegar liggur fyrir beiðni frá tilvísunaraðila og yfirlit yfir ástæður þeirra sem og fjölda tryggðra einstaklinga sem fara í viðtöl án þess að hefja atvinnutengda starfsendurhæfingu og ástæður þess, sbr. kafla 1.2.5.5.

10. Með ársskýrslu skulu fylgja niðurstöður mælinga á ánægju þátttakenda (sjá kröfu 33) þar sem greint er frá viðhorfi þeirra sem fengu þjónustu og hvernig starfsendurhæfingarsjóður nýtti sér niðurstöðurnar.

Halda skal til haga öllum frumgögnum að baki þeim upplýsingum sem birtast í ársskýrslu svo hægt sé að gera úttekt á réttmæti þeirra.

### 1.3 Eftirlit

Eftirlit með starfsemi starfsendurhæfingarsjóðs er m.a. eftirfarandi:

1. Eftirlit ráðherra með því að kröfur séu uppfylltar (sjá kafla 1.3.1).
2. Endurskoðun Ríkisendurskoðunar á framkvæmd og fjármálum starfsendurhæfingarsjóðs (sjá kafla 1.3.2).

#### 1.3.1 Eftirlit ráðherra

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 60/2012 hefur ráðherra eftirlit með að starfsemi starfsendurhæfingarsjóðs sé í samræmi við ákvæði laga nr. 60/2012, samþykktá (skipulagsskrá) hlutaðeigandi sjóðs og þjónustusamning (þ.m.t. þessa kröfulýsingu). Ráðherra getur falið úttektarmanni framkvæmd eftirlitsins, að hluta eða öllu leyti.

##### 1.3.1.1 Vottuð gæðastjórnunarkerfi og stjórnkerfi upplýsinga

Vottað gæðastjórnunarkerfi skv. ÍST EN ISO 9001 staðli og vottað stjórnkerfi upplýsinga skv. ÍST ISO/IEC 27001 staðli í starfsemi starfsendurhæfingarsjóðs getur haft áhrif á skipulag og umfang eftirlits ráðherra með sjóðnum. Mikilvægt er að taka tillit til slíkra vottana þótt ekki sé gerð krafa um þær.

##### 44. Vottorð og úttektarskýrslur.

Ef starfsendurhæfingarsjóður fær vottun á samræmi starfsemi sinnar við ÍST EN ISO 9001 staðal eða ÍST ISO/IEC 27001 staðal skal hann tilkynna ráðherra um það. Hann skal á sama hátt tilkynna ráðherra um sérhverja breytingu sem verður á umfangi eða gildi slíkrar vottunar á samningstímanum. Starfsendurhæfingarsjóður skal láta ráðherra í té afrit af úttektaráætlunum og úttektarskýrslum vottunarstofu, óski ráðherra eftir því að nota þessi gögn við skipulag og útfærslu eftirlits með sjóðnum.

##### 1.3.1.2 Úttektir

Til viðbótar við árlega skoðun ársreiknings og ársskýrslu starfsendurhæfingarsjóðs er haft beint eftirlit með starfsemi starfsendurhæfingarsjóðs. Það felst í því að ganga kerfisbundið úr skugga um að kröfur í lögum nr. 60/2012, samþykktum (skipulagsskrá) hlutaðeigandi sjóðs og þjónustusamningi (þ.m.t. þessari kröfulýsingu) séu uppfylltar.

Framkvæmd eftirlitsins er í formi vettvangsúttekta sem geta verið:

- Fyrirfram áætlaðar og tilkynntar starfsendurhæfingarsjóði.
- Fyrirvaralausar, ef ráðherra fær vísbendingar um að lög séu brotin eða kröfur séu ekki uppfylltar.

Ráðherra ákveður hvaða úttektir ráðist er í og hvaða kröfur eru skoðaðar í hverri úttekt. Hann felur úttektarmönnum að sjá um framkvæmdina og getur hún einnig náð til starfsemi þeirra aðila sem starfsendurhæfingarsjóður gerir samninga við um þjónustu.

Úttektir fara fram á vettvangi þar sem þjónustan er veitt. Aðstæður eru skoðaðar, rætt er við starfsfólk og gögn skoðuð. Niðurstöðurnar eru settar fram í úttektarskýrslu. Ef úttektarmaður finnur *frávik* frá kröfum eða hefur *athugasemdir* við starfsemi (sjá skilgreiningar í kafla 0.5) gerir hann skriflega grein fyrir þeim. Stjórnendur starfseminnar þurfa þá að skilgreina til hvers konar úrbóta skuli gripa og skila til úttektarmanns innan tveggja vikna frá því að hann lagði fram skýrsluna.

Vanræki starfsendurhæfingarsjóður að ljúka úrbótum innan hæfilegs tímafrests að mati úttektarmanns getur það leitt til þess að ráðherra ákveði að afturkalla viðurkenningu sjóðsins eða beita öðrum vanefndaúrræðum í samræmi við ákvæði þjónustusamnings. Sé um að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi getur það leitt til afturköllunar á viðurkenningu án undanfarandi frests til úrbóta, sbr. 23. gr. laga nr. 60/2012.

#### 45. Aðgengi til úttekta.

Starfsendurhæfingarsjóður skal tryggja úttektamönnum aðstöðu til úttekta, bæði fyrirfram ákveðinna úttekta og fyrirvaralausra úttekta. Hann skal veita þeim óheft aðgengi að starfsfólki, þ.m.t. ráðgjöfum á vegum félaga á vinnumarkaði, vegna fyrirspurna og að öllum gögnum sem sýnt geta fram á hvort kröfum í þessari lýsingu sé fullnægt. Hann skal einnig tryggja aðgang að starfsemi samningsbundinna þjónustuveitenda, þ.m.t. þjónustuaðila, og viðeigandi gögnum þeirra í sama tilgangi. Loks skal hann tryggja eins og kostur er að hægt sé að hafa samband við þátttakendur til að sannreyna að þeir hafi fengið þjónustu í samræmi við kröfur. Í einhverjum tilvikum getur þurft að fá fulltrúa Landlæknis til að skoða gögn eða afla upplýsinga fyrir hönd úttektarmanns, ef lög heimila ekki úttektarmanni aðgang að þeim.

#### 46. Hlutverk stjórnenda.

Stjórnandi hjá starfsendurhæfingarsjóði, sem þekkir vel til þeirrar starfsemi sem tekin er út hverju sinni, skal vera viðstaddur úttektirnar, aðstoða úttektamenn við framkvæmdina, svara spurningum þeirra, sjá til þess að starfsmenn, þ.m.t. ráðgjafar á vegum félaga á vinnumarkaði, séu tiltækir og að lögð séu fram umbeðin gögn. Stjórnendur starfsendurhæfingarsjóðs skulu að lokinni úttekt ákveða og tímasetja fullnægjandi úrbætur og sjá til þess að þeim sé komið í framkvæmd.

### 1.3.2 Endurskoðun á framkvæmd og fjármálum

Um eftirlit ríkisendurskoðanda með samningi þessum gilda lög nr. 46/2016, um Ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og 22. gr. laga nr. 60/2012.

#### 47. Samráð.

Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá starfsendurhæfingarsjóði í samráði við ríkisendurskoðanda.

#### 48. Aðgangur að upplýsingum.

Sé kallað eftir því skal starfsendurhæfingarsjóður veita Ríkisendurskoðun allar nauðsynlegar upplýsingar og aðgang að öllum gögnum sem skipta máli eða hafa þýðingu fyrir hana vegna eftirlits með starfsendurhæfingarsjóðnum á grundvelli laga nr. 46/2016.

## 2 Þjónusta

Tilgangur atvinnutengdrar starfsendurhæfingar er að stuðla að því að einstaklingur með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa, verði aftur virkur á vinnumarkaði eða auki þátttöku á vinnumarkaði. Atvinnutengd starfsendurhæfing á við þegar þátttaka á vinnumarkaði er raunhæfur möguleiki fyrir einstaklinginn.

Endurhæfing innan heilbrigðiskerfisins er oft nauðsynlegur undanfari atvinnutengdrar starfsendurhæfingar og einnig getur þurft að efla félagslega virkni einstaklingsins áður en atvinnutengd starfsendurhæfing kemur til álita. Mat á stöðu einstaklings sem nýtur þeirrar þjónustu sem veitt er á vegum ríkis og sveitarfélaga leiðir oft í ljós hvort atvinnutengd starfsendurhæfing sé líkleg til að stuðla að þátttöku viðkomandi á vinnumarkaði. Atvinnutengd starfsendurhæfing er þannig einn þáttur í heildstæðu kerfi endurhæfingar, þar sem starfsendurhæfingarsjóðir og stofnanir ríkis og sveitarfélaga starfa saman að því að sem flestir eigi þess kost að vera virkir á vinnumarkaði.

Í þessum kafla er fjallað um kröfur sem ráðherra gerir til þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs, á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.

Kafli 2.1 fjallar um tryggða einstaklinga.

Í kafla 2.2 er fjallað um þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs við þátttakendur, sem sjóðurinn fjármagnar. Fyrst er fjallað almennt um veitingu þjónustunnar (kafla 2.2.1), þá um ráðgjöfina (kafla 2.2.2), síðan um starfsgetumat og einstaklingsbundna áætlun (kafla 2.2.3) og loks um úrræðin (kafla 2.2.4).

Kafli 2.3 fjallar um fræðslu og stuðning við atvinnurekendur og stjórnendur sem hefur það að markmiði að stuðla að endurkomu þátttakenda til starfa eða auka möguleika þeirra til þátttöku í atvinnulífinu, þrátt fyrir skerta starfsgetu.

Loks fjallar kafla 2.4 um heimild starfsendurhæfingarsjóðs til að styrkja og stuðla með öðrum hætti að rannsóknum, þróun og uppbyggingu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.

### 2.1 Tryggðir einstaklingar

Í 8. gr. laga nr. 60/2012 er skilgreint hvaða einstaklingar teljast tryggðir hjá starfsendurhæfingarsjóði.

#### 49. Tryggðir einstaklingar.

Komi til þess að tryggðum einstaklingi er synjað um þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs á þeirri forsendu að hann uppfylli ekki skilyrði 11. gr. laga nr. 60/2012 eða þjónustu við þátttakanda er hætt vegna þess að hann uppfyllir ekki lengur skilyrðin þá skal skrá ákvörðunina og forsendur hennar (sjá einnig kröfu 39).

5

### 2.2 Atvinnutengd starfsendurhæfing

#### 2.2.1 Veiting þjónustu

Í lögum nr. 60/2012 eru sett þrjú skilyrði fyrir veitingu þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs:

1. Að tryggður einstaklingur búi við heilsubrest sem hindrar fulla þátttöku hans á vinnumarkaði og að hann stefni að endurkomu á vinnumarkað eða að auka þátttöku á vinnumarkaði svo fljótt sem verða má.
2. Að tryggður einstaklingur hafi þörf fyrir þjónustuna, hún sé til þess fallin að auðvelda honum að fara aftur til vinnu og líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt.

3. Að tryggður einstaklingur hafi vilja og getu til að taka markvissan þátt í atvinnutengdri starfsendurhæfingu og fylgja þeirri áætlun sem þar er sett fram.

Tryggður einstaklingur sem óskar eftir að verða þátttakandi skal staðfesta að um heilsubrest sé að ræða með vottorði eða öðrum gögnum frá lækni, svo sem heimilislækni eða meðhöndlandi lækni. Starfsendurhæfingarsjóði er einnig heimilt að binda þjónustu við það skilyrði að þátttakandi skuldbindi sig til virkrar þátttöku, eins og nánar er lýst í 3. mgr. 11 gr. laga nr. 60/2012.

50. Skilyrði fyrir þátttöku.

Starfsendurhæfingarsjóður ber ábyrgð á því að sérhver þátttakandi uppfylli framangreind skilyrði fyrir veitingu þjónustu. Komi fram vísbendingar, eftir að þjónusta við þátttakanda er hafin, um að hann uppfylli ekki lengur skilyrði, skal endurmeta þátttöku hans. Komi til þess að tryggðum einstaklingi er synjað um þjónustu eða þjónustu við þátttakanda er hætt vegna þess að hann uppfyllir ekki lengur skilyrði þá skal skrá ákvörðunina og forsendur hennar (sjá einnig kröfu 39).

51. Upplýst samþykki.

Starfsendurhæfingarsjóður skal afla skriflegs, upplýsts samþykkis hjá sérhverjum þátttakanda fyrir því að starfsmenn, þ.m.t. ráðgjafar á vegum félaga á vinnumarkaði, sem koma að atvinnutengdri starfsendurhæfingu hans, megi afla upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna þjónustunnar. Upplýst samþykki skal liggja fyrir áður en öflun upplýsinga hefst.

52. Þjónustutími.

Þjónusta starfsendurhæfingarsjóðs, þ.e. þjónusta starfsmanna sjóðsins, þ.m.t. ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði, skal standa þátttakendum til boða á almennum dagvinnutíma (9:00-16:00) alla virka daga.

## 2.2.2 Ráðgjöf

Starfsendurhæfingarsjóður skal fjármagna, skipuleggja og hafa umsjón með störfum ráðgjafa, þar á meðal ráðgjafa sem starfa hjá félögum á vinnumarkaði. Starfsendurhæfingarsjóður þarf ekki sjálfur að hafa ráðgjafa á launum heldur getur átt samstarf við félög á vinnumarkaði um ráðningu ráðgjafa og rekstur á þjónustu þeirra. Um menntun og reynslu ráðgjafa er fjallað í kröfu 9 í þessari kröfulýsingu og um þjálfun og endurmenntun í kafla 1.1.4.

53. Samstarfssamningar.

Í gildi skal vera samstarfssamningur við félög á vinnumarkaði um störf ráðgjafa á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar, sem sjóðurinn fjármagnar. Í honum skal m.a. fjalla um a) kröfur til menntunar og reynslu ráðgjafa, b) aðkomu sjóðsins að ráðningu ráðgjafa, c) þjálfun þeirra og endurmenntun, d) verkefni og verklag ráðgjafa auk mótunar á faglegu starfi þeirra, e) starfsábyrgðartryggingar eftir því sem við á f) endurmat á ráðgjöf og meðferð gagna, auk g) fjármögnun á þjónustunni.

54. Persónulegur ráðgjafi.

Starfsendurhæfingarsjóður skal leitast við að sérhver þátttakandi, sem óskar eftir þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs og uppfyllir skilyrði fyrir þátttöku, hafi ávallt sama ráðgjafann þann tíma sem hann er skráður í atvinnutengda starfsendurhæfingu. Undantekningar frá þessu geta verið ef ráðgjafi hættir störfum, fer í leyfi eða ef endurmat á ráðgjöf, fjölskyldu- eða hagsmunatengsl eða veikindi ráðgjafa leiðir til þess að skipta þarf um ráðgjafa. Þátttakandi getur einnig sjálfur óskað eftir því að skipta um ráðgjafa eftir að þjónusta er hafin.

55. Ábvráð og helstu verkefni ráðgjafa.

Ráðgjafar, þ.m.t. ráðgjafar á vegum félaga á vinnumarkaði, skulu hafa eftirfarandi verkefni með höndum:

- Efla áhugahvöt (e. *motivation*) þátttakanda, styðja hann í starfsendurhæfingarferlinu og draga markvisst fram styrkleika hans.
- Skrá upplýsingar um stöðu þátttakandans.
- Leiðbeina þátttakanda um úrræði sem eru til þess fallin að auka félagslega og líkamlega fæmi, þ.á m. byggja upp sjálfstraust, með það að markmiði að þátttakandinn verði virkur á vinnumarkaði.
- Bera ábyrgð á að gerð sé einstaklingsbundin áætlun um atvinnutengda starfsendurhæfingu þátttakanda (sjá kafla 2.2.3), sem byggist á starfsgetumati í samvinnu við sérfræðinga og gildandi vinnureglur í starfsgetumati.
- Ráðgjafi skal eiga samstarf við sérfræðinga starfsendurhæfingarsjóðs og utanaðkomandi sérfræðinga í starfsendurhæfingu þar sem markmiðið er að tryggja þverfaglega nálgun í einstaklingsmálum. Ráðgjafi vinnur markvisst með þessum aðilum bæði hvað varðar upplýsingaveitu sem og þeirrar endurhæfingaráætlunar sem sett er upp vegna þeirra aðkomu (sjá nánar kaflann um mat á starfsgetu og einstaklingsáætlun)
- Fylgja eftir áætlun þátttakandans, meta árangur hennar og endurskoða í samstarfi við hann.
- Skal vera tengiliður (e. *case manager*) sem á samskipti og samstarf við vinnuveitanda þátttakanda þegar við á, þá þjónustuaðila sem koma að atvinnutengdri starfsendurhæfingu og eftir atvikum aðra sem veita honum velferðarþjónustu, ásamt því að stuðla að samhæfingu þessara aðila og upplýsingaflæði milli þeirra.

Nánar er fjallað um sum þessara verkefna hér að neðan.

#### 56. Úrræði.

Ráðgjafi, þ.m.t. ráðgjafi á vegum félaga á vinnumarkaði, skal hafa góða þekkingu á þeim úrræðum sem þátttakanda standa til boða í atvinnutengdri starfsendurhæfingu (sjá kafla 2.2.4). Hann skal einnig hafa þekkingu á öðrum úrræðum og þjónustu sem gætu stuðlað að aukinni starfsgetu þátttakandans.

#### 57. Stuðningur og samræming.

Starfsendurhæfingarsjóður skal tryggja að ráðgjafar, þ.m.t. ráðgjafar á vegum félaga á vinnumarkaði, hafi aðgang að öðrum sérfræðingum til faglegs stuðnings, m.a. til stuðnings vegna einstakra mála.

#### 58. Samhæfing og umsiðun.

Starfsendurhæfingarsjóður skal setja upp og hafa í gildi starfsreglur og vinnulýsingar fyrir ráðgjafa sem taka mið af bestu fánlegu þekkingu, rannsóknnum og reynslu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar og hafa það að markmiði að:

- Tryggja að þátttakandi komist eins fljótt og unnt er í viðeigandi úrræði á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.
- Samhæfa störf ráðgjafa um allt land og tryggja að þátttakendur fái samræmda þjónustu óháð því til hvaða ráðgjafa er leitað.
- Tryggja samræmda skráningu upplýsinga sem unnt er að byggja ákvarðanir á er varða: a) gerð áætlunar um atvinnutengda starfsendurhæfingu, b) mat á því hvenær atvinnutengd starfsendurhæfing er fullreind og c) mat á starfsgetu viðkomandi þátttakanda.

#### 59. Fjöldi mála hjá ráðgjafa.

Starfsendurhæfingarsjóður skal hafa í gildi viðmið um eðlilegan fjölda mála á ráðgjafa, þ.m.t. ráðgjafa á vegum félaga á vinnumarkaði, sem m.a. byggir á mat á heildaraðstæðum þátttakanda, og fleiri þáttum svo unnt sé að tryggja viðunandi þjónustu.

### 2.2.3 Mat á starfsgetu og einstaklingsbundin áætlun

Þegar þátttakandi byrjar atvinnutengda starfsendurhæfingu á vegum starfsendurhæfingarsjóðs hefst ferli markvissrar upplýsingaöflunar, hvatningar og íhlutunar, sem felur í sér starfsgetumat og gerð áætlunar um atvinnutengda starfsendurhæfingu.

#### 60. Mat á starfsgetu og áætlun.

Starfsendurhæfingarferli hjá starfsendurhæfingarsjóði skal fela í sér kerfisbundið mat á starfsgetu með aðkomu þverfaglegs teymis sérfræðinga og gerð einstaklingsbundinnar áætlunar um atvinnutengda starfsendurhæfingu, sbr. 10. gr. laga nr. 60/2012.

Í lok starfsendurhæfingarferils hjá starfsendurhæfingarsjóði skulu liggja fyrir gögn frá tilvísandi lækni, allar upplýsingar um feril einstaklings í starfsendurhæfingu, hvaða íhlutun hefur átt sér stað í formi úrræða, framvindu þeirra, þátttöku einstaklings og árangur hans.

#### 61. Niðurstöður.

Ef þátttakandi hefur ekki fulla starfsgetu að mati þverfaglegs teymis við lok atvinnutengdrar starfsendurhæfingar skal tekin afstaða til eftirfarandi þátta:

1. Er atvinnutengd starfsendurhæfing fullreynd?
2. Er til staðar færni og starfsgeta þannig að viðkomandi geti verið virkur á vinnumarkaði og þá í hvaða starfshlutfalli?

Mat á starfsgetu getur leitt í ljós að þátttakandi sé ekki í stakk búinn að taka þátt í atvinnutengdri starfsendurhæfingu að svo stöddu.

#### 62. Þjónustu lokið.

Við lok þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs skal skrá ástæðu og stöðu þátttakanda hvað starfsgetu og framfærslu varðar. Ástæðu þjónustuloka skal flokka á eftirfarandi hátt:

- Mögulegri starfsgetu þátttakanda er náð og hann kominn í vinnu, atvinnuleit eða nám.
- Þátttakandi hefur ekki getu til að taka þátt í þjónustunni, s.s. vegna alvarlegs heilsufarsvanda eða neyslu og hefur fengið ráðgjöf og eftir atvikum aðstoð við að komast í önnur úrræði.
- Þátttakanda er vísað frá vegna þess að hann vanrækir verkefni sín og fer ekki eftir uppsettri áætlun um atvinnutengda starfsendurhæfingu, þrátt fyrir getu.
- Þátttakandi hættir þátttöku af öðrum ástæðum, áður en starfsgeta er orðin ljós og þrátt fyrir að reynt hafi verið að fá hann til að halda áfram þátttöku
- Andlát þátttakanda.

### 2.2.4 Úrræði.

Hlutverk starfsendurhæfingarsjóðs er að kaupa úrræði sem hafa að markmiði að auka starfsgetu þátttakanda. Þessi úrræði koma til viðbótar þjónustu ráðgjafa og sérfræðinga á vegum starfsendurhæfingarsjóðs sem og annarri þjónustu sem þátttakendur geta nýtt sér í velferðarkerfinu. Sjóðurinn ákveður út frá þörfum þátttakanda hvaða úrræði valin eru og greitt er fyrir, að uppfylltum eftirfarandi kröfum.

#### 63. Umgjörð innkaupa.

Starfsendurhæfingarsjóður skal velja og greiða fyrir úrræði þátttakanda að hluta eða öllu leyti. Um getur verið að ræða úrræði á sviði ráðgjafar, þjálfunar og menntunar sem og önnur úrræði sem þjónustuaðilar á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar bjóða. Starfsendurhæfingarsjóði er ekki ætlað að kaupa þjónustu sem rekin er innan heilbrigðiskerfisins, þ.e. þjónustu skv. lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu. Starfsendurhæfingarsjóður getur hins vegar keypt starfsendurhæfingarþjónustu af fagfólki með heilbrigðismenntun sem miðar að því að draga úr heilsutengdum hindrunum fyrir vinnumarkaðsþátttöku.

64. Val úrræða.

Úrræði sem starfsendurhæfingarsjóður kaupir skulu byggja á fagmennsku og aðferðum sem líkur eru á að skili árangri. Starfsendurhæfingarsjóður skal einnig hafa fjölbreytni að leiðarljósi í vali á þeim úrræðum sem standa þátttakendum til boða hverju sinni. Auk framangreindra úrræða geta þróunarverkefni skapað úrræði sem nýta má.

65. Heildstæð starfsendurhæfingarúrræði.

Þegar starfsendurhæfingarsjóður kaupir heildstæð starfsendurhæfingarúrræði, þar sem þjónustuaðili heldur utan um alla þætti starfsendurhæfingar þátttakanda yfir tímabil sem er lengra en þrjú mánuðir, þá skal sjóðurinn tryggja að þjónustuaðilar uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Við þjónustuna starfi sérfræðinga í starfsendurhæfingu/endurhæfingu. Miðað skal við að þetta séu sérfræðingar sem hafa menntun og þekkingu til meðferðar á sviði andlegra og líkamlegra hindrana.
- Þjónustuaðili hafi niðurstöðu starfsgetumats að leiðarljósi, þar sem sett eru fram markmið og æskilegar leiðir.
- Markvisst sé unnið í samstarfi við lækna viðkomandi með þær hindranir sem sem koma í veg fyrir að þátttakandi sé virkur á vinnumarkaði. Jafnframt sé unnið með styrkleika þátttakanda og leitast við að skilgreina hvers konar störfum viðkomandi getur sinnt á vinnumarkaði.
- Ef þátttakandi er í ráðningarsambandi sé markvisst unnið að því að halda tengslum við vinnuveitanda.
- Markviss skoðun eigi sér stað á árangri úrræðisins á þriggja til sex mánaða fresti.

66. Samningar við þjónustuaðila.

Starfsendurhæfingarsjóður skal gera skriflega samninga við þá aðila sem hann kaupir úrræði af þegar um er að ræða reglubundin kaup eða kaup í talsverðu magni.

67. Árangur.

Starfsendurhæfingarsjóður skal sannreyna að keypt þjónusta hafi verið veitt og að árangur íhlutunar hafi verið metinn. Hafa skal hiðsjón af árangri við við kaup á þjónustu.

## 2.3 Fræðsla og stuðningur

Starfsendurhæfingarsjóður hefur það verkefni að veita atvinnurekendum og stjórnendum upplýsingar með það að markmiði að stuðla að endurkomu einstaklinga til starfa eða auka möguleika þeirra til að vera virkir á vinnumarkaði þrátt fyrir skerta starfsgetu vegna heilsuþrestra í kjölfar veikinda eða slysa.

68. Fræðsla og stuðningur.

Starfsendurhæfingarsjóður skal skipuleggja og hafa aðgengilegar leiðbeiningar og fræðslu um lykilþætti atvinnutengdrar starfsendurhæfingar og endurkomu starfsmanna til vinnu eftir fjarveru vegna veikinda eða slysa. Þessar upplýsingar skulu a.m.k. vera aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins þannig að bæði stjórnendur í atvinnulífinu og ráðgjafar á sviði vinnu- og heilsuverndar geti nýtt sér þær á markvissan hátt.

69. Kynning á þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs.

Starfsendurhæfingarsjóður skal eiga samstarf við stéttarfélag sem eiga aðild að sjóðnum um að félagsmenn fái reglulega kynningu á þjónustu sjóðsins og að þeir sem sækja um dagpeningagreiðslur hjá sjúkrasjóðum/styrktarsjóðum félaganna og hafa þörf fyrir atvinnutengda starfsendurhæfingu séu upplýstir um þjónustuna.



## 2.4 Styrkir til verkefna

Starfsendurhæfingarsjóði er heimilt að styrkja og stuðla með öðrum hætti að rannsóknum, þróun og uppbyggingu í atvinnutengdri starfsendurhæfingu, einn eða í samstarfi við aðra aðila, sbr. 10. gr. laga nr. 60/2012.

### 70. Viðmið og reglur.

Ákveði starfsendurhæfingarsjóður að styrkja rannsóknir, þróun eða uppbyggingu á atvinnutengdri starfsendurhæfingu skal hann setja sér viðmið og reglur um slíkar styrkveitingar og fara eftir þeim. Skriflegar umsóknir um styrki skulu metnar og haldnar skrár um niðurstöður matsins og afgreiðslu umsókna.

## 2.5 Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir lið 0.1 **Útgáfa og endurskoðun** hefur starfsendurhæfingarsjóður frest til 1. janúar 2018 til að uppfylla kröfu 31 um gæðamarkmið. Þá einnig hefur starfsendurhæfingarsjóður frest til 1. ágúst 2018 til að uppfylla h. og i. lið kröfu 43 um árlega upplýsingagjöf og kröfu 38 um meðferð synjana.

**Samkomulag milli fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra annars vegar og VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs, SES, hins vegar**

1. Félags- og húsnæðismálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra munu leggja til í frumvörpum til fjárlaga að Alþingi veiti eftirfarandi framlög ríkisins til starfsendurhæfingarsjóða, skv. 7. gr. laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, verði eftirfarandi:
  - a. Á árinu 2015 verður framlagið 200 m.kr.
  - b. Á árinu 2016 verði framlagið 650 m.kr.
  - c. Á árinu 2017 verði framlagið fjárhæð sem nemur 0,06% af gjaldstofni tryggingagjalds, samkvæmt lögum um tryggingagjald, eins og gjaldstofninn er áætlaður í fjárlögum fyrir það ár.
2. Öllum þeim sem atvinnutengd starfsendurhæfing getur gagnast til að verða virkir á vinnumarkaði verði tryggð atvinnutengd starfsendurhæfing hjá VIRK, starfsendurhæfingarsjóði, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr., sbr. einnig 9. gr. laganna um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.
3. Skipulagsskrá VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs, SES, verður breytt á næsta ársfundum sjóðsins þannig að við bætist stjórnarmaður skipaður af félags- og húsnæðismálaráðherra.
4. Allir aðilar þessa samkomulags eru sammála um þá brýnu þörf að taka upp starfsgetumat í stað örorkumats innan almannatryggingakerfisins og mats á orkutapi innan lífeyrissjóðskerfisins.

Reykjavík 4. mars 2015

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra

Bjarni Benediktsson

F.h. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs

Hannes G. Sigurðsson

F.h. félags- og húsnæðismálaráðherra

Eygrí Hauka

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Málafl.	10.12.05
4. MAR. 2015	
Abn.	CH60 + 8T
Málar. VEL	VEL1603.45

**From:** Vigdís Jónsdóttir

**Sent:** mánudagur, 14. desember 2015 15:15

**To:** eyglo.hardardottir@vel.is; bjarni.benediktsson@fjr.is; sigurdur.helgason@fjr.is; Teitur Björn Einarsson <teitur.einarsson@fjr.is>; hanna.sigridur.gunnsteinsdottir@vel.is; agust.thor.sigurdsson@vel.is; matthias.imsland@vel.is

**Cc:** Gylfi Arnbjörnsson <gylfi@asi.is>; Hannes Sigurðsson <hannes@sa.is>; Elín Jónsdóttir <elinbjorg@bsrb.is>; Þórey Þórðardóttir <thorey@ll.is>

**Subject:** Vegna endurskoðunar á framlögum til starfsendurhæfingarsjóða

Heil og sæl,

Fjallað var um bráðabirgðaákvæði laga nr. 60/2012 á fundi framkvæmdastjórnar VIRK fimmtudaginn 10. desember. Afstaða framkvæmdastjórnar VIRK er eftirfarandi:

1. VIRK hefur fengið ráðgjafafyrirtækið Talnakönnun til að meta ávinning af starfsemi VIRK á árunum 2014 og 2015. Skýrslur Talnakönnunar með niðurstöðum þessara útreikninga er að finna hér á heimasíðu VIRK: <http://www.virk.is/is/fraedsla/arsrit> . Þær sýna, þrátt fyrir mjög varfærnar forsendur, að starfsemi VIRK hefur skilað mjög miklum ávinningi á þessum tíma og nemur hún margfaldri þeirri fjárhæð sem varið hefur verið til rekstursins.
2. Markvisst hefur verið unnið að því að skýra og skerpa alla vinnuferla hjá VIRK og tryggja í hvívetna hagkvæmni í rekstri. Útlit er fyrir að svipaður fjöldi einstaklinga leiti til VIRK á árinu 2015 og var á árinu 2014. Á meðan lögum um almannatryggingar hefur ekki verið breytt í þá veru að tekið sé upp starfsgetumat í stað örorkumats þá er ekki fyrirséð mikil aukning á fjölda einstaklinga í þjónustu VIRK á næsta ári. Varasjóður VIRK hefur auk þess náð þeirri stærð sem mælt er með í tryggingafræðilegri greiningu. Því hefur stjórn VIRK farið fram á það að gjöld til VIRK verði lækkuð tímabundið á árunum 2016 og 2017 þannig að framlög atvinnulífs og lífeyrissjóða verði 0,10% af heildarlaunum í stað 0,13% og framlag ríkis verði 500 milljónir á árinu 2016 í stað 650 milljóna og 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds á árinu 2017 í stað 0,06%. Það er hins vegar ljóst að við upptöku starfsgetumats í stað örorkumats þá munu fleiri einstaklingar leita til VIRK, bæði í starfsendurhæfingarþjónustu og starfsgetumat og það mun krefjast aukins fjármagns til starfseminnar.
3. Það er mat framkvæmdastjórnar VIRK að ótímabært sé að leggja mat á tekjuþörf VIRK til lengri tíma fyrr en fyrirhugaðar breytingar á lögum um almannatryggingar hafa verið lögfestar. Í fyrsta lagi einu ári eftir gildistöku laga, þar sem starfsgetumat kemur í stað

örorkumats, skapast grundvöllur fyrir mat á framtíðarumfangi VIRK. Framkvæmdastjórn VIRK leggur því til að lögum verði breytt þannig að umrætt mat fari fram ári eftir gildistöku breyttra laga um almannatryggingar.

4. VIRK mun áfram fá utanaðkomandi aðila líkt og Talnakönnun til að meta árangur starfseminnar á hverju ári.

Með kveðju,

Vigdís Jónsdóttir  
Framkvæmdastjóri / Manager



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík  
[vigdis@virk.is](mailto:vigdis@virk.is)  
Sími/Tel: 5355700  
[www.virk.is](http://www.virk.is)

Tölvupóstur þessi og öll viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem hann er stílaður á og geta innihaldið upplýsingar sem falla undir ákvæði um þagnarskyldu og trúnað og/eða upplýsingar er varða höfundarétt. Öll notkun eða áframsending upplýsinga úr tölvupóstinum er með öllu óheimil aðila sem ekki er upprunalegur (og ætlaður) viðtakandi póstsins skv. 47. gr. laga nr. 81/2003 og getur varðað bótaábyrgð og refsingu skv. 74. gr. sömu laga. Hafi þér borist þessi póstur ranglega, ertu vinsamlegast beðinn um að eyða honum án tafar og tilkynna sendanda.

This e-mail and its attachments are only intended for the use of the addressee or addressees. It may contain confidential and privileged information and/or copyright material. The use and forwarding of any information is strictly prohibited by other than the original (and intended) receiver. If you are not the intended receiver, please notify the sender and erase the e-mail and all its attachments without delay. Any unauthorised use may be unlawful.